

**Nd.**

## **192. Breytingartillögur**

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Thor Thors, Jörundi Brynjólfssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. 2. másl. orðist svo:  
Hreppsnefndir skulu skipaðar 3–7 mönnum.
2. Við 4. gr. 2. másl. orðist svo:  
Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim kaupþúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júnímánuði. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði í þeim hreppum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  hlutar íbúa hreppsins eru búsettir í kaupþúni.
3. Við 17. gr. Á undan greininni komi ný grein, sem verður 17. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):  
Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu leynilegar. Bæjarstjórnir skulu kosnar með hlutfallskosningu. Sama gildir um hreppsnefndir, ef  $\frac{1}{10}$  kjósenda krefst þess skriflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.
4. Við 17. gr. (sem verður 18. gr.). Upphaf 1. málsgr. orðist svo:  
Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar o. s. frv.

5. Við 22. gr.
2. málsg. orðist svo: Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig:
  - Á eftir 3. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi: Kjörseðla við óhlutbundnar kosningar skal gera alla jafnstóra, með sama lit, úr strikuðum pappir, þannig:

Nr. á kjörskrá.

Aðalmenn: .....

.....

.....

Nr. á kjörskrá.

Varamenn: .....

.....

.....

6. Við 24. gr.
- Á undan orðinu „hreppsnefndarkosningar“ í 2. másl. komi: hlutbundnar.
  - Síðustu másl. orðist svo: Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nöfn þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Að öðru leyti fer um þessar kosningar svo sem um óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

7. Við 25. gr.
- Á undan orðinu „hreppsnefndarkosningar“ í 1. másl. komi: hlutbundnar.
  - Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp tölurnar, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn og ekki eru kjörnir aðalmenn, skulu rétt kjörnir varamenn.

8. Við 29. gr. 1. másl. orðist svo: Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og emnfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann.

9. Við 30. gr. 2 fyrstu málsg. falli niður.

10. Við 31. gr.
- Á eftir orðunum „hreppsnefndarmanna“ komi: kosinna hlutbundnum kosningum.
  - Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum

taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

11. Við XVI. kafla. Fyrirsögn kaflans hljóði þannig: Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.
12. Á undan 32. gr. komi 2 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
  - a. (33. gr.). Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einu varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosning sýslunefndarmanns skal haga í samræmi við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.
  - b. (34. gr.). Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 32. gr.
13. Við 32. gr. Á eftir orðunum „er hún kýs menn til“, komi: ef þess er krafizt.
14. Við 33. gr. 1. másl. orðist svo: Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.
15. Aftan við 2. málsgr. 36. gr. bætist: Samsvarandi gildir um kosningu sýslunefndarmanna.